

Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 34, 15. janúar 1988, með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 25. júlí 1988.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Eyrarbakka.

Rafveita Eyrarbakka selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A 1. Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	6,19 kr/kWh
Fastagjald 1×F1	3 002,00 kr/ár

A 2. Vinnuljósanotkun.

Öll skammtímanotkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkja-gerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

Orkugjald	9,29 kr/kWh
Fastagjald 1×F1	3 002,00 kr/ár

A 3. Utanhússlýsing.

Til úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli.

Aflgjald	10 238,00 kr/kW/ár
Viðhaldsgjald	11 080,00 kr/kW/ár

A 4. Sumarbústaðanotkun.

Öll notkun í sumarbústöðum.

Orkugjald	2,95 kr/kWh
Fastagjald F1+F3	10 368,00 kr/ár

Heimilt er að velja lið A 1. ef hagkvæmara þykir.

B 1. Aflmæling.

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun lágmarksaflgjald 15 kW.

Aflgjald	8 910,00 kr/kWh/ár
Orkugjald	1,95 kr/kWh

D 1. Rofin daghitun.

Rafhitun með roftíma allt að 2×1,5 klst. á dag.

Orkugjald	1,66 kr/kWh
Fastagjald F3	9 007,00 kr/ár

D 2. Næturhitun.

Rafhitun með roftíma allt að 15 klst. á dag á tímabilinu frá kl. 07:00 til 23:00.

Orkugjald 1,57 kr/kWh

D 3. Órofin hitun.

Orkugjald 3,95 kr/kWh

Fastagjald 9 007,00 kr/kWh/ár

Innheimta og lokun.**Innheimtugjald:**

Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskil, innheimtu og undirbúning að lokun 648,00 kr.

Lokunargjald:

Gjald fyrir lokun og enduroppnun veitu 1 296,00 kr.

Skilgreiningar og ýmis ákvæði.**Götulýsing:**

Rafveita Eyrarbakka leggur til rafstreng og tengingar, en annað efni, svo sem ljósa-staurar og ljósker, er lagt til af Eyrarbakkaheppi ásamt uppsetningu.

Aflgjaldsmæling:

Liður B 1. er fyrir heildarmælingu á allri notkun og verða ekki aðrir liðir, svo sem A 1. veittir samhliða. Aflgjald sé ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjaldskýlt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði fram mánaðarlega.

Véla- og tækjanotkun:

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

Takmörkun á vali gjaldskrárliða:

Pegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, getur rafveitan takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir notkun.

Sölugjald:

25% sölugjald er innifalið í öllum liðum nema viðhaldsgjaldi, orkugjaldi til húshitunar í liðum A 4., D 1., D 2., D 3. og fastagjaldi af F3.

Heimtaugargjald:

Heimtaugargjald fyrir varanlega heimtaug skal greitt samkvæmt eftirfarandi:

	kr.
63 A einfasa	41 148,00
63 A þrífasa	45 468,00
100 A þrífasa	70 092,00
200 A þrífasa	168 480,00
315 A þrífasa	266 760,00
400 A þrífasa	367 200,00
710 A þrífasa	655 560,00
1200 A þrífasa	1 101 500,00

Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekins notanda skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breyting fer fram.

Framangreind heimtaugargjöld eiga við í skipulögðum hverfum öðrum en búfjár- hverfum. Heimtaug á óskipulagt svæði reiknast samkvæmt tilkostnaði hverju sinni.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. júlí 1988 með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 325, 29. júní 1988 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 578, 14. desember 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 25. júlí 1988.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Guðrún Skúladóttir.

25. júlí 1988

Nr. 388

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.

I. SMÁSALA.

Gjaldskrárliðir.

Orkubú Vestfjarða selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A.1 Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	6,36 kr/kWh
Fastagjald	3 090,00 kr/a

A.2 Vinnuljósanotkun.

Öll skammtímanotkun og til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

Orkugjald	9,54 kr/kWh
Fastagjald	3 090,00 kr/a

A.3 Utanhússlýsing.

Öll notkun og viðhald úti- og götulýsingar.

Aflgjald	11 000,00 kr/kW/a
Viðhaldsgjald	13 100,00 kr/kW/a

A.4 Sumarbústaðanotkun.

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.

Orkugjald	2,61 kr/kWh
Fastagjald	12 360,00 kr/a
á hús (1/4 hluti söluskattskyldur).	